

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja,
nr. 155/2007, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður sem verður svohljóðandi:
Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/349 frá 2. mars 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1916 að því er varðar notkunarskilyrði tiltekinna svæða í eða milli borga, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 249/2021 frá 24. september 2021, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 71, 11. nóvember 2021, bls. 252-253.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 82. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 12. nóvember 2021.

F. h. r.

Ólafur Kr. Hjörleifsson.

Ástríður Scheving Thorsteinsson.